

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um niðurfærslu
húsnæðislána samkvæmt 110%-leiðinni.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

1. Hve miklar voru afskriftir lána að meðaltali í 110%-leiðinni?
2. Hversu margir fengu afskriftir að upphæð:
 - a. 2.000.000–4.000.000 kr.,
 - b. 4.000.001–6.000.000 kr.,
 - c. 6.000.001–8.000.000 kr.,
 - d. 8.000.001–10.000.000 kr.,
 - e. 10.000.001–12.000.000 kr.,
 - f. 12.000.001–14.000.000 kr.,
 - g. 14.000.001–16.000.000 kr.,
 - h. 16.000.001–18.000.000 kr.,
 - i. 18.000.001–20.000.000 kr.,
 - j. yfir 20.000.000 kr.?
3. Hver var hámarksafskrift einstaklings í krónum talið?
4. Hver var kostnaður af 110%-leiðinni fyrir
 - a. ríkissjóð,
 - b. Íbúðalánasjóð?
5. Hver var kostnaður umboðsmanns skuldara í tengslum við 110%-leiðina?
6. Hversu margir fengu úrlausn mála og hve lengi voru umsóknir í vinnslu að meðaltali?
7. Hvernig skiptist hópurinn sem fékk úrlausn mála eftir mánaðartekjum:
 - a. 0–250.000 kr.,
 - b. 250.001–500.000 kr.,
 - c. 500.001–750.000 kr.,
 - d. 750.001–1.000.000 kr.,
 - e. yfir 1.000.000 kr.?
8. Hversu margir einstaklingar sem fóru 110%-leiðina borguðu auðlegðarskatt af eignum sínum eftir afskriftir á meðan skatturinn var innheimtur?
9. Hvernig skiptust afskriftir samkvæmt 110%-leiðinni eftir landshlutum?
10. Hvernig skiptist 110%-leiðin eftir aldri þeirra sem fengu afskriftir, þ.e.:
 - a. 25–35 ára,
 - b. 36–45 ára,
 - c. 46–55 ára,
 - d. 56 ára og eldri?

Skriflegt svar óskast.